

23. apríl 2021

NÝSKÖPUNARÁRIÐ 2020: METÁR Í FJÁRFESTINGUM Í NÝSKÖPUN

Hugverkaiðnaður er í sókn og bendir margt til þess að þriðji áratugur aldarinnar verði áratugur nýsköpunar. Hugvitið er okkar vermætasta auðlind og með því að virkja hana í meiri mæli verða til ný, eftirsótt störf og aukin verðmæti. Vísbendingar eru um að fjárfestingar í nýsköpun hafi aukist talsvert árið 2020 en með því eru fyrirtæki landsins og fjárfestar að fjárfesta í hagvexti framtíðar og styrkja hugverkaiðnað, fjórðu stoð útflutnings, enn frekar í sessi. Mörg ríki heims hafa sett sér markmið í þessum efnunum og er þar gjarnan horft til fjárfestinga í rannsóknunum og þróun (R&P) sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, enda er það skýr mælikvarði á stig nýsköpunar í hagkerfinu. Algengt er að þjóðir setji sér markmið um að það hlutfall sé 3% og var það svo í stefnu og aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2017-2019. Fjárfesting í R&P nam 2,35% af landsframleiðslu árið 2019 og Samtök iðnaðarins leiða líkum að því að 3% markmiðinu hafi verið náð árið 2020. Þessu til viðbótar koma fjárfestingar í sprotafyrirtækjum en þær námu að minnsta kosti um 30 milljörðum króna árið 2020 sem sínir áhuga fjárfesta á íslenskum sprotum.

- Efnahagslegir hvatar líkt og endurgreiðslur af fjárfestingum í R&P skila sannarlega árangri sem sýnir sig í hækkuðu hlutfalli fjárfestinga í R&P af landsframleiðslu. Ef gert er ráð fyrir að 3% markmiðinu hafi verið náð árið 2020 hefur hlutfallið hækkað um heilt prósentustig frá árinu 2018.
- Greina má aukinn áhugi fjárfesta á nýsköpun og hugverkaiðnaði. Lífeyrissjóðir hafa sýnt því áhuga að fjárfesta á þeim vettvangi enda þjónar það langtímahagsmunum sjóðfélaga um framtíðarhagvöxt.
- Rekstraraðilum vísisjóða fjölgar og reynsla á sviði fjárfestinga í nýsköpun og hugverkaiðnaði er að byggjast upp. Líklegt er að fimm slíkir sjóðir verði stofnaðir á þessu ári með fjárfestingagetu upp á um 40 milljarða króna.

FJÁRFESTING Í NÝSKÖPUN – RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Veruleg aukning varð á fjárfestingum í R&P á árinu 2019 samkvæmt nýlegum gögnum Hagstofunnar. Samtals námu fjárfestingar í R&P tæplega 71 milljarði króna sem var 2,35% af landsframleiðslu og hefur ekki mælst hærra. Þar af var um 70% frá fyrirtækjum, eða tæpir 49 milljarðar og ríflega 30% frá háskólum og opinberum stofnunum, eða um 22 milljarðar króna. Árið áður námu fjárfestingar í R&P tæplega 57 milljörðum króna eða 2% af landsframleiðslu.


ENDURGREIÐSLUR VEGNA R&P

Frá árinu 2009 hafa stjórnvöld hvatt til fjárfestinga í R&P með efnahagslegum hvötum sem felast í að greiða fyrirtækjum hluta af fjárfestingum sínum í R&P. Þetta fyrirkomulag er að erlendra fyrirmynd og þekkist víða. Kostir þessa eru að markaðurinn velur verkefni en ekki ríkið og má ætla að fyrirtæki fjárfesti í þeim verkefnum sem skili þeim mestum framtíðarávinningi. Á síðasta áratug hafa þessir hvatar verið auknir á Íslandi, bæði með auknu endurgreiðsluhlutfalli og með hærra þaki á endurgreiðslur. Algjör bylting hefur orðið á síðustu tveimur árum en þakið hefur nær fjórfaldast og endurgreiðsluhlutfallið farið úr 20% í allt að 35%. Metfjárfestingar í R&P árið 2019 sýna svart á hvítu að þessir hvatar virka vel og þjóna því markmiði

að auka fjárfestingar í R&D – og þar með í nýsköpun og hagvexti framtíðar með því að styðja vöxt nýrrar útflutningsstoðar ásamt því að efla þær sem fyrir eru.

Útgjöld til rannsókn- og þróunarstarfs

Hlutfall af landsframleiðslu, %




Árið 2020 urðu stærstu stökkin í breytingum á kerfinu þegar endurgreiðslupakið var hækkað úr 600 m.kr. í 1.100 m.kr. Nú þegar eru vísbendingar um að það hafi skilað verulegum árangri og Samtök iðnaðarins meta það svo að 3% markmiðinu hafi verið náð það ár. Sem ein af aðgerðum stjórnvalda vegna Covid-19 hafa auknir skattahvatar vegna R&D varið störf og skapað ný störf og aukin verðmæti. Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til þess að halda áfram á þeirri braut sem hefur verið mörkuð.

*Mat SI. Hagstofan mun birta rauntölur árið 2022.


TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐUR

Tækniþróunarsjóður (TPS) hefur styrkt mörg nýsköpunarverkefni og er mikilvæg uppspretta fjármögnunar á fyrri stigum í vexti sprotafyrirtækja. Fjármagn til sjóðsins hefur aukist undanfarin ár en engu að síður er langt í land með að sjóðurinn anni eftirspurninni. Til marks um það var árangurshlutfall TPS í sögulegu lágmarki í ágúst 2020 þegar einungis 8% umsókna hlutu styrk. Alls bárust sjóðnum um 900 umsóknir, sem er um 40% aukning á milli árána 2019 og 2020. Um 16% verkefna sem hlutu framúrskarandi einkunn hjá fagraði sjóðsins hlutu ekki styrk. Matsferli umsókna í TPS er ítarlegt og byggir faglegt mat á umsóknum meðal annars á nýnæmi, líkum á árangri, almennum þjóðhagslegum gildum og væntingum um afrakstur í

Framlög í Tækniþróunarsjóð og úthlutanir, ma.kr.



Hlutfall styrktra verkefna



formi veltu og verðmæta sem skapast við notkun vöru eða þjónustu. Það má því segja að vannýtt tækifæri séu til atvinnusköpunar þegar um fimmtungur umsókna með hæstu einkunn fær synjun um styrk. Styrkir úr TÞS eru nýttir til rannsókna og þróunar og þar með beint til nýsköpunar.

FJÁRFESTINGAR Í SPROTAFYRIRTÆKJUM

Mikilvægt er að sprotafyrirtæki hafi aðgang að fjármagni til þess að þróa vörur og þjónustu og ná markaðsstöðu. Þetta gerist meðal annars með framlögum úr Tækniþróunarsjóði og endurgreiðslum vegna R&D en ekki síst með aðkomu fjárfesta; einstaklinga, fyrirtækja og sjóða. Hingað til hafa nokkrir sjóðir fjárfest sérstaklega í sprotafyrirtækjum. Þá hafa verið innleiddar sérstakar skattvæðingar til handa einstaklingum sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum sem uppfylla tiltekin skilyrði um stærð og starfsmannafjölda, en frádrátturinn var hækkaður úr 50% í 75% árið 2020. Að því gefnu að fjárfest sé í nýútgefnu hlutafé í sprotafyrirtækjum má búast við að stór hluti fjármagnsins fari í rannsóknir og þróun og þar með í nýsköpun.

KRÍA OG STUÐNINGS-KRÍA

Kríá – sprota- og nýsköpunarsjóður var stofnaður með lögum árið 2020. Um er að ræða sjálfstæðan sjóð í eigu ríkisins sem heyrir undir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Hlutverk Kríu er að fjárfesta í sérhæfðum fjárfestingarsjóðum (vísisjóðum) sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Markmiðið með Kríu, sem fyrst var kynntur til sögunnar haustið 2019, er að efla og þroska fjárfestingarumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi. Samkvæmt fjármálaáætlun verður um 8 milljörðum króna varið í Kríu á næstu 5 árum. Með Kríu mun sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum hér á landi standa til boða aukið framboð af fjármagni.

SJÓÐAUMHVERFIÐ

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins var stofnaður árið 1997 og hefur fjárfest í 160 félögum fyrir 11 milljarða króna. Hann er eini sjóðurinn á markaðnum sem er sígrænn, þ.e. hann hefur ekki fyrirfram skilgreindan líftíma heldur leitar hann stöðugt nýrra fjárfestingarkosta. Aðrir sjóðir eru lokaðir, þ.e. hafa fyrirfram skilgreindan líftíma, gjarnan tíu ár með 3-4 ára fjárfestingatímabili. Má þar nefna Frumtak 1 og Frumtak 2, Strawberry og Brunn.

Um þessar mundir er unnið að stofnun sjóða sem fjárfesta munu í sprotum. Ætla má að fimm sjóðir verði fullfjármagnaðir og hefji starfsemi á þessu ári. Umfang þessara sjóða gæti verið nálægt 40 milljörðum króna þannig að með þeirri fjárhæð verður fjárfest í sprotum, aðallega á Íslandi, á næstu 3-5 árum.


Lífeyrissjóðir eru áhugasamir um fjárfestingar í nýsköpun og munu fjármagna þessa fimm sjóði að stórum hluta. Það gæti samsvarað um 0,6% af heildareignum þeirra og kemur til viðbótar við aðrar fjárfestingar lífeyrissjóða í nýsköpun. Lífeyrissjóðir fjárfesta til áratuga með það að markmiði að ávaxta fjármuni sjóðfélaga og greiða út lífeyri þegar þar kemur. Þeir þurfa því að fjárfesta til framtíðar með það að markmiði að örva hagvöxt en fjárfestingar í nýsköpun falla vel að þeim markmiðum. Þessum áhuga þarf að finna réttan farveg og er sá farvegur að öllum líkindum í gegnum aðra sjóði þar sem sérhæfð þekking er á slíkum fjárfestingum og ötul eftirfylgni.

Samtök iðnaðarins telja að aukin samkeppni á þessu sviði sé af hinu góða og muni gera fleiri fyrirtækjum kleift að vaxa á komandi árum.

KAUP Á EFTIRMARKAÐI


Með kaupum á hlutafé á eftirmarkaði taka nýir hluthafar við keflinu og seljendur fá sína fjármuni til baka til viðbótar við mögulega ávöxtun. Fyrirtækið sjálft fær ekki fjármuni við kaupin. Þess vegna er þetta ekki mælikvarði á fjárfestingu í nýsköpun en gefur vísbendingar um áhuga fjárfesta á hugverkaiðnaði sem hugsanlega verður fylgt eftir með aukningu hlutafjár eða lánaþyrngreiðslu til að styðja við vöxt. Samkvæmt upplýsingum frá Northstack námu fjárfestingar í sprotafyrirtækjum tæplega 30 milljörðum króna árið 2020.

Fjárfestingar í sprotafyrirtækjum Í þúsundum USD



Heimild: Northstack

Fjárfestingar í sprotafyrirtækjum Í þúsundum USD - fjárfestingar yfir \$30M ekki talda með



Heimild: Northstack